



Fréttabréf Hofsstaðaskóla

Á skólinn að skipta sér af öllum sköpuðum hlutum?

Í þessum pislum langar mig að velta upp nokkrum spurningum sem tengjast fyrirsögninni.

Á ágætum fundi með foreldraráði skólans í sl. viku ræddum við um reglur um hjólreiðar barna, um útivistartíma og fleira. Í framhaldi af því fór af stað spjall um að skólinn megi ekki vera með of mikla forsjárhyggju og að foreldrar verði að hafa það svigrúm að meta hvort barninu sé óhætt að fara á hjóli í skólann yfir vetrartímann, enda sé búið að kenna því örugga leið.

Einnig var nefnt að með því að hjóla fái börnin meiri hreyfingu og einnig að þá séu þau síður keyrð en of mikil bílaumferð við skólann getur skapað hættu.

Þetta eru góð rök og vissulega ástæða til að hlusta vel á þau.

Hjólreiðar hafa verið leyfðar til og frá skóla í ágúst og september og aftur í apríl og maí. Aðallega er það myrkrið sem hefur ráðið þessum tíma-setningum. Við höfum litið svo á að það væri stuðningur við heimilin að hafa samræmdar reglur hvað

þetta varðar. En nú viljum við vanda okkar kvæði í kross og tilkynna foreldrum og forráðamönnum nemenda Hofsstaðaskóla það formlega að við hættum afskiptasemi varðandi hjólreiðar yfir vetrarmánuðina og treystum foreldrum til að meta hvenær óhætt sé að hjóla til og frá skóla. Auðvitað verður þá að fylgjast vel með að hjólið sé í lagi, ljós og endurskinsmerki á sínum stað og barnið með hjálminn sinn enda viljum við í Hofsstaðaskóla ekki sjá börn hjóla án hjálms. Hjólreiðar lítilla barna eru þó varla æskilegar yfir háveturinn.

Um útivistartíma barna gilda aftur á móti lög í landinu. Þar kemur fram að börn 12 ára og yngri mega ekki vera á almannaferi eftir kl. 20 nema í fylgd með fullorðnum en 13 ára börn mega vera úti til kl. 22. Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna um tvær klukkustundir. Mikilvægt er fyrir skólabörn að mæta úthvöld í skólann til þess að árangur þeirra verði sem bestur í leik og starfi.

Þeirra vegna verður að gæta vel að svefntíma og hvíld.

Skólinn skiptir sér ekki af öllu mögulegu. Gott er þó að hafa opna umræðu um atriði er varða velferð barnanna. Í Hofsstaðaskóli ríkir mikill metnaður, áhersla er lögð á að öllum líði vel og að það sé gaman í skólanum. Til þess að vel takist í öllu skólastarfi og hámarksárangur náist óskum við eftir sem allra bestu samstarfi við heimilin.

Með samstarfskveðju
Sigurlín Sveinbjarnardóttir

aðstoðarskólalastjóri



Sameiginlegt
fréttabréf
Hofsstaðaskóla,
foreldrafélags
og foreldraráðs

Október 2006

TIL UMHUGSUNAR

- ☉ Þekkir þú nöfnin á foreldrum í bekk barnsins þíns?
- ☉ Veistu hvert þú átt að leita innan skólans?
- ☉ Barni sem ekki líður vel í skólanum er ekki mót-tækilegt fyrir námi!
- ☉ Veistu hver er stefna skólans í forvörnum og samskiptum?

Í fréttablaðinu:

Foreldraráð Hofsstaðaskóla	2
Erindi frá foreldrum	2
Fulltrúar í foreldraráði og foreldrafélagi 2006-2007	2
Foreldrafélag Hofsstaðaskóla	3
Fyrirlestur frá Heimili og skóla	3
Foreldrasamningar	3
Fréttatilkynning	4

Foreldraráð Hofstaðaskóla

Foreldraráð starfa samkvæmt 16. grein laga um grunnskóla 66/1995 en þar segir meðal annars: „Foreldraráð fjallar um og gefur umsögn til skólans og skólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólahaldið og fylgist með að áætlanir séu kynntar foreldrum svo og með framkvæmd þeirra. Skólastjóri starfar með foreldraráði og veitir því upplýsingar um starfið í skólanum.“ Foreldraráðið fylgist einnig með áætlunum bæjarins um skólahald.

Starfsemi

Foreldraráð Hofstaðaskóla fundar þriðja þriðjudag í mánuði og oftast ef þurfa þykir. Að minnsta kosti tvisvar á ári eru haldnir sameiginlegir fundir með kennararáði og foreldrafélagi.

Áherslupættir í starfi vetrarins

Foreldraráð fylgist með áætlunum um uppbyggingu skólastarfs vegna fólksfjölgunar í Akrahverfi og á hvaða hátt það snertir Hofstaðaskóla.

Foreldraráð fylgist með framkvæmd matarmála nemenda. Þess ber að geta að samningur við Matarlyst rennur út næsta vor og er mikilvægt að foreldrar láti skoðanir sínar

í ljós varðandi framtíðarskipulag matarmála nemenda.

Foreldraráð hefur óskað eftir því við skólastjórnendur að börnunum verði boðið upp á síðdegishressingu í tómstundaheimilinu. Vonumst við til þess að það verði að veruleika með tilkomu skólalædhúss.

Yfirlestur skólanámskrár

Foreldraráð fór yfir skólanámskrá á fundi með aðstoðarskólastjóra sem kynnti helstu breytingar og tók við athugasemdum frá foreldraráði.

Stundatöflur

Farið var yfir stundatöflur allra árganga og þær bornar saman við lögboðinn kennslufjölda samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla.

Viljum við benda á að allar fundargerðir foreldraráðs er að finna á heimasíðu skólans.

“mikilvægt að foreldrar láti skoðanir sínar í ljós varðandi framtíðarskipulag matarmála”

Erindi frá foreldrum

Nokkur erindi hafa borist frá foreldrum í vetur. Hvetur foreldraráðið foreldra til að nýta sér þann kost til að koma málefnum á framfæri við skólann og/eða bæjaryfirvöld á netfangið foreldrarad@hofsstadaskoli.is.

Fulltrúi í skólanefnd

Fulltrúi foreldra á fundum skólanefndar grunnskóla er Jens G. Einarsson sem er fulltrúi í foreldraráði Flata-skóla.

Svæðaráð

Svæðaráð foreldraráða og foreldrafélaga grunnskóla Garðabæjar er skipað formönnum félaganna ásamt fulltrúa foreldra í skólanefnd. Fundað er mánaðarlega og rædd sameiginleg mál er varða grunnskóla bæjarins. Fundargerðir Svæðaráðs er að finna á heimasíðu Garðabæjar.

Fulltrúar í foreldraráði og foreldrafélagi 2006-2007

FORELDRARÁÐ

Steinunn Bergmann, formaður
Svava Garðarsdóttir, varaformaður
Klara Hrönn Sigurðardóttir, ritari
Margrét Gunnlaugsdóttir, 1. varamaður
Vera Guðmundsdóttir, 2. varamaður
Perla Kolka Leifsdóttir, 3. varamaður

FORELDRFÉLAG

Kristbjörg Ágústsdóttir, formaður
Svava Garðarsdóttir, varaformaður
Brynja Laxdal, ritari
Guðrún Gerður Steindórsdóttir, meðstjórnandi
Guðrún Rósa Sigurðardóttir, meðstjórnandi
Stella Stefánsdóttir, meðstjórnandi



foreldrarad@hofsstadaskoli.is

foreldrafelag@hofsstadaskoli.is

Foreldrafélag Hofstaðaskóla



Foreldrafélagið fundar mánaðarlega í vetur, annann þriðjudag í mánuði. Búið er að virkja netfangið foreldrafelag@hofsstadaskoli.is og er þannig hægt að senda póst á alla fulltrúa í stjórn foreldrafélagsins. Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að senda inn ábendingar eða hugmyndir á netfangið.

Á fyrsta fundi vetrarins í ágúst var ákveðið að markmið starfsins í vetur væri: „*Að efla foreldrastarf í Hofstaðaskóla með því að styðja við bekkjarfulltúa og kynna þeim betur þeirra hlutverk og starf. Markmiðinu náum við með m.a. með handbók*

foreldrafélags og foreldraráðs Hofstaðaskóla, skólastefnu Garðabæjar, námskeiði, kynningarefni og eftirfylgni“.

Ákveðið var að í vetur muni starfa þrjár nefndir: tómsundaheimilis- og matarmálanefnd, laufabrauðsnefnd og vorfagnaðarnefnd. Áhugasamir sendi tölvupóst á stjórn foreldrafélagsins.

Allar fundargerðir er að finna á heimasíðu foreldrafélagsins sem finna má á heimasíðu skólans.

Handbók foreldrafélags og foreldraráðs Hofstaðaskóla er aðgengileg á heimasíðu skólans. Þar er að finna upplýsingar um starfsreglur foreldraráðs og starfsáætlun. Handbókinni er ætlað að auðvelda stjórnarmönnum foreldrafélags og foreldraráðs störfin og auka aðgengi foreldra, skólastjórnenda og skólafirvalda að upplýsingum um starfsemi þeirra.

“Sál hvers samfélags birtist skýrast í því hvernig það annast börnin sín”. Nelson Mandela

Fyrirlestur frá Heimili og skóla

Þann 20. september síðastliðinn var haldinn fyrirlestur fyrir alla bekkjarfulltrúa og stjórnarmenn í foreldraráðum og foreldrafélögum í Garðabæ. Helga Margrét verkefna-stjóri hjá Heimili og skóla hélt erindi sem hægt er að nálgast á heimasíðu skólans.

Þar var fjallað um ávinning af foreldrastarfi sem er m.a. aukinn

áhugi nemenda, aukinn námsárangur, betri ástundun, aukið sjálfstraust og betri sjálfsmýnd nemenda.

Foreldrastarf hefur mikið forvarnargildi og jákvæð samvinna milli heimilis og skóla mikilvægt. Samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti, samábyrgð og gagnkvæmu upplýsingaflæði.

Ávinningur foreldra af samstarfi er m.a. aukinn skilningur á skólastarfinu, jákvæðara viðhorf til skólans og þeir styrkjast í uppeldishlutverki sínu.

Ávinningur af samvinnu heimilis og skóla er margþættur

Foreldrasamningar

Hvatt var til að foreldrar myndu á námsefniskynningum ræða foreldrasamning og samþykkja hann. Gott er að hafa áritað eintak í skólastofunni en einnig mikilvægt að foreldrar fái eintak til að hafa heima. Auðveldast er að skanna samninginn og senda á foreldra í tölvupósti.

Á heimasíðu Heimilis og skóla segir um foreldrasamninginn: “*Verkefnið leggur grunn að umræðum á milli*

foreldra um þau atriði er skipta máli fyrir farsælt uppeldi. Foreldrasamningurinn er í eðli sínu forvarnarverkefni hvers nei-



eggn konar

kvæðum lífsstíl hjá börnum og unglingum. Þar sem verkefnið hefur verið vel kynnt og góð samstaða foreldra hefur náðst um Foreldrasamninginn er það samdóma álit allra sem að hafa komið, að samningurinn skili óumdeilanlega góðum árangri”.

Fréttatilkynning

Norræn foreldrasamtök heimila og skóla héldu ráðstefnu helgina 22.-24. september 2006 í Helsingør í Danmörku. Efni ráðstefnunnar var; „Námsmat og próf - tæki foreldra og skóla til samstarfs um fræðslu skólabarna“. Á ráðstefnunni var eftirfarandi ályktun samþykkt:

Með tilkomu PISA rannsókna hafa Norðurlönd auk annarra þjóða fengið í hendur sambærilegt mat á kunnáttu nemenda í ákveðnum bekkjarárgöngum landanna. Niðurstaðan hefur ekki verið jafn uppörvandi fyrir öll lönd og hefur leitt til umræðna í skólasamfélaginu um það hvernig bæta megi kunnáttu nemenda á þeim sviðum sem námsmatið tekur til og tryggja jafnframt aukna hæfni nemenda á öðrum sviðum.

Próf eiga að vera tæki fyrir kennara til að meta stöðu nemandans miðað við sett markmið og auðvelda honum að laga kennsluna að þörfum ólíkra nemenda. Ítarleg vitneskja um stöðu sérhvers nemanda er einnig forsenda þess að skólinn geti dregið úr félagslegum ójöfnum.

Rannsóknir sýna fram á mikilvægi þátttöku foreldra fyrir nám barna og hæfni þeirra til þátttöku í lýðræðis-samfélagi. Forsenda fyrir bættum námsárangri er því aukin samvinna heimila og skóla. Notkun á prófanistöðum og kerfisbundnu mati getur verið liður í að efla og bæta gæði samstarfs á milli heimila og



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

skóla.

Til að tryggja öllum nemendum skólagöngu sem eflir náms- og félagslega færni auk hinnar almennu færni vilja foreldrasamtök á Norðurlöndum stuðla að eftirfarandi:

- að á samnorrænum vettvangi sé sjónum beint að þeirri auðlind sem foreldrar eru í námi nemenda
- að skilningur á mikilvægi foreldra í námi barna verði sjálfsagður hluti kennaranáms sem og í símenntun kennara
- að próf- og námsmatsniðurstöður verði notaðar til að haga kennslunni þannig að hver nemandi hafi námsefni við hæfi
- að samstarf heimila og skóla snúist í meira mæli um það hvaða hlutverk kennarar og foreldrar geta haft í að efla og þróa skólastarfið og fræðslu barnanna

Nánari upplýsingar veitir:

María Kristín Gylfadóttir,
formaður Heimilis og skóla -
landssamtaka foreldra,

Starfsáætlun foreldrafélagsins 2006-2007

Október

10. okt. - Stjórnarfundur

18. okt. - Fulltrúaráðsfundur

Nóvember

14. nóv. - Stjórnarfundur

25. nóv. - Laufabrauðsbakstur

Desember

12. des. - Stjórnarfundur

Útgáfa fréttabréfs nr. 2

Janúar

9. jan. - Stjórnarfundur

Febrúar

13. feb. - Stjórnarfundur

Samráðsfundur með skólastjórnendum, kennararáði og foreldraráði

Útgáfa fréttabréfs nr. 3

Mars

13. mars - Stjórnarfundur

Fræðslufundur í umsjón Svæðaráðs

Apríl

10. apr. - Stjórnarfundur

18. apr. - Fulltrúaráðsfundur

Útgáfa fréttabréfs nr. 4

Maí

8. maí - Stjórnarfundur

17. maí - Vorfagnaður

30. maí - Aðalfundur foreldrafélagsins

Júní

5. júní - Stjórnaskiptafundur

Sumarfrí

